



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps 31. maí 2021 kl. 17:00.**

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

**1. Hrafnkelsstaðir. Sótt um byggingu frístundahúss.**

Hjörtur E. Kjerúlf sækir um skv. bréfi dags. 7. apríl 2021 að byggja frístundahús skv. framlagðri teikningu og afstöðumynd. Húsið er svipaðrar gerðar og frístundahúsin tvö sem samþykkt voru í byggingarnefnd 2017.

Stærðir: Brúttó flatarmál 26,2 m<sup>2</sup> og brúttó rúmmál 74,1 m<sup>3</sup>. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir umbeðnu frístundahúsi. Nefndin bendir jafnframt á að með þessu frístundahúsi eru komin 3 frístundahús á jörðina og ef hugmyndin er að bæta við fleiri frístundahúsum þarf að ráðast í gerð deiliskipulags. Einungis er heimilt að koma fyrir þremur frístundahúsum á jörð án deiliskipulags.

**2. Borgarhóll. Sumarhús Smára í landi Brekkugerðis.**

Lagðir fram uppdráttir af sumarhúsi Skarphéðins Smára á 903,5 m<sup>2</sup> lóð í landi Brekkugerðis, sem samþykkt var á fundi byggingar- og skipulagsnefndar 30. september 2020. Lóðin hefur verið skráð undir nafninu Borgarhóll.

Stærðir: Brúttó flatarmál 97 m<sup>2</sup> og brúttó rúmmál 347 m<sup>3</sup>. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni.

**3. Baðhús Óbyggðasafnsins á Egilsstöðum.**

Byggingarfulltrúi sagði frá ferð sinni í Óbyggðasafnið í síðustu viku. Endurbygging á baðhúsinu er komin vel á veg. Svo er að sjá sem einhverjar breytingar séu gerðar á byggingunni frá því sem áður var. Athuga þarf hvort ekki þarf að kalla eftir nýjum teikningum og nýrri skráningartöflu ef breytingarnar kalla á breytta skráningu í fasteignaskrá.

**4. Hjarðarból. Nýr byggðarkjarni. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag.**

Farið yfir plagg sem sent var völdu hæfum aðilum í því skyni að fá mat á kostnaði við vinnu á breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags fyrir nýjan byggðakjarna í landi Hjarðarbóls. Niðurstaða á kostnaðamati þátttakenda kynnt í sérstakri samantekt sem ekki er ætlað í almenna dreifingu vegna óska sumra þátttakenda um að trúnaður ríki um kostnaðamatið. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með því fyrir sitt leyti að samið verði lögstjóðanda um skipulagsvinnuna.

**5. Stöðuleyfi fyrir matarvagn.**

Ann Marie Schlutz sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn í landi Hjarðarbóls skv. meðf. uppdrátti þar sem hún hyggst selja veitingar og eigin framleiðslu. Leyfi ábúanda liggur fyrir en bent er á að væntanlega þarf einnig leyfi Heilbrigðiseftirlits fyrir starfsemi. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfið.